# Mánudagur 20. mars

## SJÓNVARPIÐ

16.30 **Fræðsluvarp.** 1. Bakþankar (14 mín.). Dönsk mynd um bakveiki og hvernig beita skuli líkamanum við ýmiss konar störf. (2). 2. Málið og meðferð þess (21 mín.). Frásagnir. 3. Alles Gute 14. þáttur (15 mín.). 4. Fararheill til framtíðar. Stuttur umferðarþáttur.
18.00 **Töfragluggi Bomma – endurs. frá 15. mars.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Íþróttahornið.** Umsjón Arnar Björnsson.
19.25 **Vistaskipti.** Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Já!** Í þættinum verður fjallað um ný íslensk leikrit sem verið er að flytja um þessar mundir. Valgeir Skagfjörð hefur samið tvö þeirra og verður sýnt úr öðru þeirra, „Brestum", sem nú er verið að sýna á litla sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Einnig verður sýnt úr uppsetningu Herranætur á leikriti Sjóns „Tóm ást", þá verður sýnt úr leikriti Árna Ibsen „Afsakið hlé". Umsjón Eiríkur Guðmundsson. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
21.10 **Revíuleikhúsið.** (Music Hall). Fyrri hluti. Franskur myndaflokkur í tveimur hlutum með Simone Signoret í aðalhlutverki, en þetta var jafnframt síðasta hlutverk hennar. Myndin gerist í París árið 1938. Frú Yvonne Pierre er fyrrum söngkona sem rekur eigið revíuhús. Stjórnmálaástand er óstöðugt vegna yfirgangs Hitlers og fjármagnsskortur í Frakklandi gerir frúnni erfitt um vik. Síðari hluti verður sýndur á föstudaginn langa. Þýðendur Ólöf Pétursdóttir og Veturliði Guðnason.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Í bál og brand.** Fire Sale. Þetta er léttgeggjuð gamanmynd um fjölskyldu sem ekki er alltaf sammála en verður að standa saman fjölskyldufyrirtækisins vegna. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Rob Reiner og Sid Caesar.
17.55 **Drekar og dýflissur.** Teiknimynd.
18.20 **Kátur og hjólakrílin.** Leikbrúðumynd með íslensku tali.
18.30 **Myndrokk.** Vel valin íslensk tónlistarmyndbönd.
18.40 **Fjölskyldubönd.** Bandarískur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna.
19.19 **19:19.** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
20.30 **Hringiðan.** Umsjón: Helgi Pétursson.
21.40 **Dallas.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
22.35 **Réttlát skipti.** Breskur framhaldsmyndaflokkur í sjö þáttum. Þriðji hluti.
23.00 **Fjalakötturinn: Frankenstein.** Dr. Frankenstein er gagntekinn af þeirri hugmynd að skapa nýtt líf í tilraunastofu sinni með hjálp nýrra og byltingarkenndra geisla. Hann stelur líkum úr gröfum, rænir gálga böðulsins og er að lokum kominn með myndarlegt safn af kroppum. Kripplingurinn, handbendi Frankensteins, fer þá á stúfana og rænir heila úr glæpamanni sem varðveittur var í læknaskóla nokkrum. Aðalhlutverk: Boris Karloff, Colin Clive, Mae Clarke, John Boles, Edward Von Sloan og Frederick Kerr. Leikstjóri: James Whale.
00.10 **Nautgripir hf.** (The Culpepper Cattle Company) Raunsær vestri sem gerist skömmu eftir þrælastríðið. Ungan dreng dreymir um að verða kúasmali og sækir um vinnu við nautagriparekstur. Aðalhlutverk: Gary Grimes, Billy „Green" Bush, Luke Askew og Bo Hopkins. Alls ekki við hæfi barna.
01.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Sólveigu Thorarensen.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Vilborgu Dagbjartsdóttur, sem segir sögu sína um Boggu á Hjalla og heitir kaflinn sem hún segir, „ Bogga fær boltann". (Einnig útvarpað kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Dagmál.** Sigrún Björnsdóttir fjallar um líf, starf og tómstundir eldri borgara.
9.45 **Búnaðarþáttur** – Búnaðarþing 1989. Hjörtur E. Þórarinsson formaður Búnaðarfélags Íslands flytur.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **„Eins og gerst hafi í gær".** Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Endurtekinn frá sunnudegi.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Stjórnun. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson les (15.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.**
15.45 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Guðrún Kvaran flytur.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal efnis er smásagan „Kúddi gengur fyrir gafl" eftir Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn og Spohr.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
19.35 **Um daginn og veginn.** Gunnar Karlsson prófessor talar.
20.00 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Vilborgu Dagbjartsdóttur, sem segir sögu sína um Boggu á Hjalla og heitir kaflinn sem hún segir „ Bogga fær boltann". (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist** – Bach, Telemann og Friðrik mikli.
21.00 **FRÆÐSLUVARP.** Þáttaröð um líffræði á vegum Fjarkennslunefndar. Tólfti þáttur: Kjarnorkuvetur. Sérfræðingur þáttarins er Jónas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur. Umsjón: Steinunn Helga Lárusdóttir. (Áður útvarpað sl. sumar.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Heiðaharmur" eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les. (5)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 47. sálm.
22.30 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll.** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Guðmundur Ólafsson flytur pistil sinn að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. - Útkíkkið upp úr kl. 14. - Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Stórmál dagsins milli kl. 5 og 6.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Spádómar og óskalög. Vernharður Linnet verður við hljóðnemann.
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. Tólfti þáttur. (Einnig útvarpað annan föstudag kl. 21.30.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur púlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskalögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmælanda Bjarna Dags.
19.00 **Setið að snæðingi.** Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist – litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Morgun- og hádegistónlist allt í einum pakka. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór á Brávallagötu 92 kíkja inn milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegið tekið létt á Bylgunni, óskalögin leikin. Síminn er 61 11 11. Bibba og Halldór aftur og nýbúin milli kl. 17 og 18. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 17.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson. Meiri músík og minna mas.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
24.00 **Dagskrárlok.**

## RÓT ÚTVARP FM 106,8

09.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð eftir Aldous Huxley. Framhaldssagan.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Um Rómönsku Ameríku – Ameríkunefndin. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Búseti.**
17.30 **Laust.**
18.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'í-samfélagið á Íslandi.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Klara og Katrín.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð** Framhaldssaga. E.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** til morguns með Stefáni og Styrmi. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666. Meðal efnis: 02.00 Ferill og „Fan". Endurt. tónlistarþáttur.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MK.**
14.00 **Kvennó.**
16.00 **MS.**
18.00 **IR.**
20.00 **MR.**
22.00 **MS.**
24.00 **FB.**
02.00 **Dagkskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM 91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Fréttir af menningar- og félagslífi í Firðinum. Viðtöl og létt tónlist.
20.00–22.00 **Útvarpsklúbbur Víðistaðaskóla.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** á mánudagskvöldi. Pétur sér m.a. um Rokkbitann sem stendur til klukkan 21.30, þar sem hann spilar rokk af öllum stærðum og gerðum.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur síðasta sprettinn á mánudögum. Þægileg tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**



**Dr. Frankenstein ásamt aðstoðarmanni sínum á tilraunastofu sinni.**

### Stöð 2 kl. 23.00:

# Frankenstein

Kvikmynd kvöldsins í Fjalakettinum er Frankenstein sem gerð var 1931. Þessi kvikmynd er tímamótaverk og hleypti af stað skriðu kvikmynda um Frankenstein sem ekki sér fyrir endann á ennþá.

Myndin fylgir nokkuð vel upprunalegri sögu sem er eftir Mary Shelley. Þar segir frá Dr. Frankenstein sem er gagntekinn þeirri hugmynd að skapa nýtt líf í tilraunastofu. Hann stelur líkum úr gröfum og rænir gálga. Í þrumveðri vaknar tilbúningur Frankensteins sem er sannkölluð ófreskja til lífsins . . .

Frankenstein fær ekki lakar umsagnir í kvikmyndahandbókum. Yfirleitt talinn í röð meistaraverka og fær fjórar stjörnur. Frankenstein gerði kvikmyndastjörnu úr Boris Karloff sem með tímanum varð þekktasti hryllingsleikarinn í Hollywood. Í kjölfarið á Frankenstein fylgdu myndir eins og The Bride of Frankenstein, Son of Frankenstein og Ghost of Frankenstein.

Frankenstein er kvikmynd sem allir er hafa áhuga á sögu og þróun kvikmynda ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

-HK

### Sjónvarp kl. 21.10:

# Leikhúsið

Leikhúsið er frönsk kvikmynd þar sem fylgst er með leikflokki einum sem á í erfiðleikum sumarið 1938. Nasistahreyfing er í uppgangi og margar hættur leynast, ekki síst fyrir gyðinga. Myndin gerist fyrst í Vín en síðan í París.

Aðalpersóna myndarinnar er Yvonne Pierre, leikhússtjóri og fyrrverandi söngkona. Hún neitar að gefast upp þótt erfiðleikar steðji hvaðanæva að. Við fylgjumst með henni dag eftir dag vinna bug á hræðslu sinni og erfiðleikum sem hlaðast upp . . .

Aðalhlutverkið leikur Simone Signoret og varð þetta síðasta hlutverk þessarar dáðu leikkonu.

-HK



**Kvikmyndin í kvöld var síðasta kvikmyndin er Simone Signoret lék í.**



**Þórbergur Þórðarson skráði ævisögu Árna Þórarinssonar í sex bindi.**

### Rás 1 kl. 13.35:

# Í sálarháska

Aldarafmælis Þórbergs Þórðarsonar var minnst í öllum fjölmiðlum með ýmsum hætti um síðustu helgi. Eitt stærsta verk Þórbergs var ævisaga Árna Þórarinssonar. Hún var á sínum tíma gefin út í sex bindum og er ein merkasta ævisaga sem rituð hefur verið á íslenska tungu.

Pétur Pétursson hefur undanfarið verið að lesa úr öðru bindi verksins á rás 1 eftir hádegi virka daga og heldur því áfram í dag. Í þessu bindi æviminninga Árna koma við sögu margir þekktir Íslendingar. Má nefna skemmtilegar lýsingar á Einari Benediktssyni.

-HK